

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005 (522. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að herða viðurlög við samkeppnisbrotum.

Viðskiptaráðuneytið gaf Viðskiptaráði Íslands kost á að koma athugasemdum á framfæri á meðan frumvarp þetta var í smíðum í ráðuneytinu. Ráðuneytið tók tillit til sumra þeirra athugasemda sem þar voru settar fram. Ekki var þó tekið tilliti til athugasemda sem ráðið hafði varðandi þyngingu refsinga.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að hægt sé að dæma þá er gerast brotlegir við lög in í allt að 6 ára fangelsi vegna þeirra brota sem talin eru vera alvarlegust, ella allt að tveggja eða þriggja ára fangelsi. Skv. 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. nógildandi laga er refsihámarkið almennt tvö ár, ella 4 ár ef sakir eru miklar. Í greinargerð eru rökin fyrir þessari refsipýngingu sögð vera alvarleiki brotanna auk þess sem 6 ára refsihámark sé í Noregi. Ekki er greint frá því hvert refsihámarkið er í öðrum löndum eða af hverju Noregur þyki vera sérstaklega til fyrirmyndar hvað varðar samkeppnisreglur. Þá er ekki útskýrt af hverju brot þau er lög in varðar teljist alvarlegri nú en fyrir tæpum tveimur árum þegar nógildandi lög voru sett. Ekki eru nefndir neinir dómur þar sem núverandi refsirammi var nýttur til hins ýtrasta. Í ljósi þess hve íþyngjandi fangelsisrefsingar eru, verður að gera þá kröfu að harðari refsingar séu ekki lagðar á með lögum nema að vel yfirlögðu ráði og að þörf sé sannanlega á því. Ekki verður talið að sýnt sé fram á það í greinargerðinni.

Viðskiptaráð leggur því til að brot gegn samkeppnislögum varði ekki lengra en 4 ára fangelsi.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs